

- g. Greiðsla fyrir vatn til skipa og báta í Raufarhöfn skal vera kr. 1,50 fyrir hvern rúmmetra. Lágmarksgjald til fiskiskipa kr. 25,00 og annarra skipa kr. 40,00, þó skulu fiskiskip sem gerð eru út frá Raufarhöfn ekki greiða fyrir vatn.
- h. Greiðsla fyrir ótalin vatnsnot skal fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Reglugerðarbreyting þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 110 21. febrúar 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um lágmark eigin áhættu váttryggðs hjá Viðlagatryggingu Íslands.

1. gr.

Eigin áhætta váttryggðs skv. 7. gr. laga nr. 52 27. maí 1975 skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 5 000,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 52/1975 um Viðlagatryggingu Íslands, tekur gildi hinn 1. janúar 1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. desember 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um rétt sjómanna til ellilífeyris.

1. gr.

Hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt til töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum 11. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga á ári að meðaltali í 25 ár.

Nú kemur í ljós að lögskráning hefur eigi farið fram lögum samkvæmt eða gögn er hana varða eru glötuð og er þá heimilt, eftir atvikum, að meta sjóferðabækur eða önnur skrifleg sönnunargögn um starfstíma sjómanns.

Nú er skriflegri sönnun um starfstíma sjómanns ekki til að dreifa og er þá heimilt að meta til slíkrar sönnunar vitnisburð tveggja valinkunnra manna eða fleiri um starfstíma sjómanns. Slíkur vitnisburður verður að bera með sér hvar, hvenær og hve lengi sjómennska sú var stunduð sem sönnunin nær til.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 30 26. maí 1981 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. desember 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um búfjárhald á Hvammstanga.

1. gr.

Búfjárhald er óheimilt á Hvammstanga án sérstaks leyfis sveitarstjórnar. Reglugerðin skerðir þó ekki rétt lögþýla innan hreppsmarka til búfjárhalds.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárens sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru sem máli kann að skipta.

3. gr.

Telji sveitarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið. Má veita það í ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár. t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á upphóði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárens, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

5. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfi er veitt fyrir eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

6. gr.

Sá sem fær leyfi til búfjárhalds samkvæmt reglugerð þessari, skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni sem það kann að valda.

7. gr.

Sveitarstjórn skal hafa búfjánhald girðingu umhverfis íbúðabyggð á Hvammstanga og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka. Stefnt skal skipulega að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.